



Utanríkisneytið
Rauðararstíg 25
105 Reykjavík
sent á samráðsgátt

Reykjavík, 9. janúar 2024

Efni: Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB – uppfærður forgangslisti til ársins 2024

Samtök atvinnulífsins, SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar og Viðskiptaráð Íslands (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 29. nóvember 2024. Forgangslistinn tekur til mála í lagasetningarferli hjá ESB sem metin eru sem forgagnsmál út frá hagsmunum Íslands vegna aðildar Íslands að EES- samningnum. Um er að ræða uppfærðan forgangslista fram á mitt ár 2024 eða til loka skipunartímabils núverandi framkvæmdastjórnar.

Um leið og því er fagnað af hálfu samtakanna að birtur sé til samráðs forgangslisti mála sem skilgreind hafa verið sem forgagnsmál hvað íslenska hagsmuni varðar vilja samtökin nota tækifærið og hvetja ráðuneytið og eftir atvikum viðeigandi fagráðuneyti til að leggja mikla áherslu á raunhæft áhrifamat slíkra mála. Af umfjöllun um einstök mál á listanum má sjá dæmi þess að íslenskir hagsmunir hafi verið afmarkaðir með skýrum hætti sem aftur endurspeglast í þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa sett sér í hagsmunagæslunni. Þar á meðal eru t.d. tillaga að reglugerð um sjálfbært flugeldsneyti, tilskipun um endurnýjanlega orkugjafa, framlag flugs til losunarmarkmiðs ESB. Af umfjöllun um tillögu um tilskipun um hreinsun á skólpi frá þéttbýlum verður einnig ráðið að kostnaðarsjónarmið verða lögð til grundvallar í hagsmunagæslunni. Raunhæf og markviss hagsmunagæsla þyrfti í raun ávallt að styðjast við birt mat á félags- og efnahagslegum áhrifum þar sem lagt væri mat á kostnað og ábata innleiðingar tillagna og gerða. Með slíkum hætti yrðu möguleikar ráðuneytisins til forgangsröðunar ekki aðeins bættir heldur yrði atvinnulífinu og borgurum einnig skapað færi á að taka mótaðri afstöðu til einstakra mála. Rétt er að taka fram að það er til eftirbreytni að í tilviki sumra málanna á listanum er tímaramma getið á ítarlegan hátt.

Loks er rétt að benda á mikilvægi þess að stjórnvöld hafi sérstakar gætur á gerðum er hafa áhrif á íslenskt atvinnulíf svo hægt sé að tryggja, í samvinnu við aðrar EES þjóðir, samkeppnishæfni Íslands á innri markaðnum. Þá leggja samtökin sérstaka áherslu á að við innleiðingu gerðanna á forgangslistanum sé ekki gengið lengra en þörf er á, þ.e. gullhúðað, svo að samkeppnishæfni Íslands bíði ekki hnekki.

Að framangreindu sögðu þykir tilefni til að benda á eftirfarandi:

1. *Innri markaðurinn - Ný verkfæri til að tryggja virkan innri markað í neyðarástandi:* Á tímum heimsfaraldurs COVID-19 brást ESB við með því að takmarka útflutning á hlífðarbúnaði sem telst til lækningartækja og þurftu EFTA-



ríkin að minna á tilvist sína í EES-samstarfinu. Ganga þarf úr skugga um að tekið verði fullt tillit til íslenskra hagsmuna undir aðstæðum neyðarástands.

2. *Ýmis mál sem snerta aðgerðapakka ESB (e. Fit-For-55)*: Afar brýnt er að unnið verði og birt efnahagslegt mat á áhrifum þeirra gerða sem tilheyra aðgerðapakkanum, ekki aðeins hverri gerð heldur einnig á heildarpakkanum. Í því samhengi má minna á að skömmu fyrir jól samþykkti Alþingi lög um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir án þess að frumvarpi til laganna fylgdi mat á áhrifum á íslenskt atvinnulíf og almenning. Þó er hætt við að áhrifin verði umtalsverð og fór svo að Alþingi bætti við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða VII um skýrslugjöf ráðherra um áhrifin, eftir á. Áhrif annarra gerða í pakkanum munu bætast við að því marki sem þau eru ekki þegar komin fram. Það yrði öllum til hagsbóta að skilmerkilega væri gerði grein fyrir ætluðum áhrifum.
3. *Losun frá flugstarfsemi (ETS-kerfið)* Samtökin taka undir mikilvægi þessa máls enda þarf að gæta að samkeppnisstöðu landsins og að Ísland taki ekki á sig byrðar umfram það sem gerist hjá öðrum eyríkjum innan EES og að Ísland fái sambærilegar undanþágur og hafa verið veittar til þeirra. Sömu sjónarmið snúa að málinu *Sjálfbært flugeldsneyti*. Þar er mjög mikilvægt að stjórnvöld standi fast á sínu og gæti hagsmuna Íslands og þá þeirri sérstöku aðstöðu sem landið er í sem eyja langt frá öðrum löndum.
4. *Losun frá starfsemi nýrra geira*: Í umfjöllun um málið er þess getið hvernig tekjum af sölu loftslagsheimilda verður ráðstafað á tiltekinn hátt. Fram kemur að sjóflutningar verði felldir undir ETS-kerfið og fyrir dyrum standi upptaka nýs kerfis, ETS-2, fyrir byggingargeirann og flutninga á vegum. Athygli vekur að þrátt fyrir að markmið hagsmunagæslunnar vegna málsins snúi að hagsmunum innlendra aðila sem falla undir kerfið er þess í engu getið hvort eða hvernig áformað sé að tekjum sem verða til vegna sölu íslenskra stjórnvalda á ETS-heimildum kunni að verða ráðstafað til að styrkja orkuskipti hér á landi.
5. *Vottunarrámmi vegna fjarlægingar kolefnis*: Í umfjöllun um málið er þess getið að mikilvægt sé að Ísland fylgist með framgangi þeirrar vinnu og að íslensk verkefni á þessu sviði geti fallið að regluverkinu. Ætla má að hér á landi hafi myndast þekking og reynsla sem gæti ekki síður gagnast við vottun og það ber væntanlega að hafa í huga við hagsmunagæsluna.
6. *Hreinsun á skólpi frá þéttbýlum*: Samtökin fagna því að í lýsingu á hagsmunagæslu Íslands sé m.a. tekið fram að lögð verði áhersla á að ávinningur fyrir umhverfið verði best tryggður án óhóflegs kostnaðar fyrir samfélagið. Þarna virðist á ferðinni sígilt sjónarmið sem ávallt þarf að liggja til grundvallar mati á þörf hagsmunamats vegna forgangsroðunar.
7. *Endurskoðun á mannalyfjalöggjöf ESB/EES*: Að hálfu samtakanna er rétt að taka fram að verulegir samfélagslegir hagsmunir eru fólgnir í samdrætti kostnaðar og umstangs við markaðssetningu lyfja hér á landi. Um þetta er heilbrigðisráðuneytið meðvitað og þar er um almannahagsmuni að tefla. Tryggja verður sérstöðu smáríkja í þessu tilliti.
8. *Næringarmerking matvæla*: Samtökin minna á áform fyrrum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um rafrænar merkingar matvæla, þ.e. að í stað merkinga á umbúðir verði heimilt að tryggja aðgang almennings að slíkum upplýsingum á vef eða



með smáforriti. Má í því samhengi benda á nýlegar breytingar á regluverki um merkingar léttvins¹.

9. *Innri markaður fyrir raforku*: Samtökin fagna 33. gr. tilskipunar 2019/944.
10. *Tilskipun um endurnýjanlega orkugjafa*: Samtökin vilja nota tækifærið og taka heilshugar undir að gæta þarf að því að skilgreiningar á endurnýjanlegu rafeldsneyti útiloki ekki íslenskt rafeldsneyti sem framleitt er frá núverandi raforkukerfi (additionality requirement) eða eldsneyti framleitt með kolefni frá iðjuverum.
11. *Stofnun á miðlægum eftirlitsaðila og breytingar á regluverki vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Evrópu*: Samtökin vekja athygli á tillögu um að banna viðskipti með reiðufé fyrir sem nemur jafngildi 10 þús. evra. Ætla má að þar sé á ferðinni tillaga sem þarfnast þjóðfélagslegrar umræðu til undirbúnings.
12. *Tillaga að reglugerð um fjölmiðlafrelsi*: Samtökin vilja vekja athygli á hve knöpp umfjöllun um málið er í forgangslistanum.
13. *Flutningar með hópþjófum milli landa*. Samtökin hvetja stjórnvöld til að standa fast á núverandi reglum um takmörkun á gestaflutninga með hópþjófum.
14. *Tillaga að tilskipun um viðeigandi lágmarkslaun*: Samtökin styðja það mat stjórnvalda að gerðin sé ekki EES-tæk. Samkvæmt íslenskum lögum er samið um laun og vinnuaðstæður í kjarasamningum gerðum af aðilum vinnumarkaðarins. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda skulu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir. Á Íslandi hefur lágmarkskjörum kjarasamninga þannig verið veitt lagagildi. Tillagan getur þar af leiðandi ekki átt við hér á landi.

Loks taka samtökin undir umsögn Samtaka iðnaðarins um málið.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. SVP – samtaka verslunar og þjónustu

Benedikt S. Benediktsson

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Baldur Sigmundsson

f.h. Viðskiptaráðs Íslands

María Guðjónsdóttir

¹ Sjá á vefslóðinni https://agriculture.ec.europa.eu/news/new-rules-wine-labelling-enter-application-2023-12-07_en